

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017, Morastaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 frá 12. september 2007.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð á Morastöðum minnkar úr 24 ha í 6,7 ha. Breytingin felur jafnframt í sér að svæði sem áður var skilgreint sem frístundabyggðasvæði verður skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og sveitarstjórn Kjósarhrepps yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. febrúar 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.